

1992 nr. 21 25. maí**Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna**

Tóku gildi 29. maí 1992. Breytt með 1. 67/1997 (tóku gildi 1. ágúst 1997), 1. 157/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), 1. 95/2002 (tóku gildi 31. maí 2002), 1. 12/2004 (tóku gildi 31. mars 2004; *EES-samningurinn*: V. viðauki reglugerð 1612/68), 1. 140/2004 (tóku gildi 30. des. 2004), 1. 89/2008 (tóku gildi 21. júní 2008), 1. 78/2009 (tóku gildi 31. júlí 2009), 1. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og 1. 73/2014 (taka gildi 1. jan. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Hlutverk og stjórn.

■ **1. gr.** Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.

□ Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

■ **2. gr.** Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr. enda stundi þeir sérnám. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað.

■ **3. gr.** Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

□ Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána.¹⁾

¹⁾ *Málsgreininin var breytt með 1. 73/2014, 1. gr. Breytingin tekur gildi 1. jan. 2015 skv. 2. gr. s.l.*

■ **4. gr.** [[Ráðherra]¹⁾ skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu [ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins]¹⁾ og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.]²⁾

□ Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa [framangreindra ráðherra, sbr. 1. mgr.]¹⁾ skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

□ Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

□ [[Ráðherra]¹⁾ skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.]²⁾

¹⁾ *L. 126/2011, 162. gr. 2) L. 67/1997, 1. gr.*

■ **5. gr.** Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. að veita námsmönnum námslán,
2. að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana,
3. að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á námslánum,
4. að setja reglur um úthlutun námslána,
5. [að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. 6. gr.]¹⁾²⁾

6. að afla upplýsinga um námsskipan og námstíma þeirra skóla sem lánað er til,

7. að hafa eftirlit með árangri og ástundun námsmanna,

8. að annast útgáfustarfsemi og aðra kynningu á starfsemi sjóðsins.

□ [Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins.]²⁾

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

□ [Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.]³⁾

¹⁾ *Svo í Stjórn., en á væntanlega að vera 5. gr. a. 2) L. 67/1997, 2. gr. 3) L. 95/2002, 8. gr.*

■ **[5. gr. a. [Ráðherra]¹⁾ skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.**

□ Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og [verður honum ekki skotið til annarra stjórnvalda].²⁾ Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.³⁾

□ [Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur.]²⁾

□ Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum.]⁴⁾

¹⁾ *L. 126/2011, 162. gr. 2) L. 140/2004, 1. gr. 3) Rg. 79/1998. 4) L. 67/1997, 3. gr.*

II. kafli. Námslán.

■ **6. gr.** Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.

□ [Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.]¹⁾

□ Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju missiri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.

□ Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti.

□ [Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku, teljist þeir lánshæfir samkvæmt reglum stjórnar sjóðsins. Teljist námsmaður ekki lánshæfur getur hann lagt fram ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi. Ábyrgðir geta m.a. verið ábyrgðaryfirlýsing fjármálastofnunar eða yfirlýsing ábyrgðarmanns um sjálfskuldarábyrgð

á endurgreiðslu námsláns ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni fjárhæð.]²⁾

□ [Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán allt að hámarksfjárhæð samkvæmt úthlutunarreglum eða fyrir þeirri fjárhæð sem ábyrgð hefur verið veitt fyrir skv. 5. mgr.]²⁾

□ Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða fleiri, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánunum.

¹⁾ L. 67/1997, 4. gr. ²⁾ L. 78/2009, 1. gr., sbr. einnig brbákv. s.l.

■ **7. gr.** [Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.]¹⁾

□ Verði breyting á grundvelli lánsjaravísitölnunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur samkvæmt nýjum breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

□ Lánstími námsláns er ótilgreindur en greitt skal af námsláni skv. 8. gr. þar til skuldin er að fullu greidd.

□ Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.

□ Vextir af lánunum sjóðsins skulu vera breytilegir en þó aldrei hærrí en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum. Ríkisstjórnin, að tillögu [ráðherra],²⁾ tekur nánari ákvörðun um vexti námslána á hverjum tíma samkvæmt þessari grein.

¹⁾ L. 67/1997, 5. gr. ²⁾ L. 126/2011, 162. gr.

■ **8. gr.** Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla, sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

□ [Fastagreiðslan er 52.698 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 177,8 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.

□ [Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, sbr. 10. gr. Hundraðshluti þessi er 3,75% við afborganir af skuldabréfinu. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.]¹⁾

□ Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.]²⁾

□ Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá árgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

□ [Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja sjóðstjórn til þær upplýsingar er stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar.]¹⁾

□ Heimilt er að endurgreiða lán örur en mælt er fyrir í þessari grein.

¹⁾ L. 140/2004, 2. gr. ²⁾ L. 67/1997, 6. gr.

■ **9. gr.** Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól, verðbætur og vexti. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 7. gr. frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölnni milli gjalddaga.

□ Skuldari skuldbindur sig til að greiða ársvexti skv. 7. gr. af höfuðstól skuldarinnar þegar hann hefur verið reiknaður út. Vextir reiknast frá námslokum og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir.

□ Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga skv. 11. gr.

□ Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

■ **10. gr.** [Þegar tekjur eru skattskyldar á Íslandi er með tekjustofni í lögum þessum átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum tekjum skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Falli lánþegi undir skilyrði 62. gr. sömu laga skal við ákvörðun tekjugrundvallar tekna skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 miða við 50 hundraðshluta samantlagðra tekna lánþega og sambúðaraðila. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign.

□ Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því sem nú telst tekjustofn í lögum þessum skal árleg viðbótargreiðsla skv. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að [ráðherra]¹⁾ tilnefni einn mann, [ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins]¹⁾ annan en ríkisskattstjóri verði formaður nefndarinnar. Skal nefndin setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns svo að árleg viðbótargreiðsla hvers lánþega verði sem næst því sem orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

□ Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 162. gr. ²⁾ L. 140/2004, 3. gr.

■ **11. gr.** [Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fánlegar upplýsingar um tekjurnar.

□ Endurútreikningur skv. 1. mgr. á árlegri viðbótargreiðslu skal gerður þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar. Komi þá í ljós að tekjustofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.]¹⁾

□ Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.

□ Sömu heimild hefur sjóðstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu.

□ Sú hækkun, sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er.

¹⁾ L. 140/2004, 4. gr.

■ **12. gr.** Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

□ [Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur.]¹⁾

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 67/1997, 8. gr. ²⁾ L. 140/2004, 5. gr.

■ **13. gr.** [Rétt á námslánum samkvæmt lögum þessum eiga námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og uppfylla skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

□ Sama gildir um námsmenn sem eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og fjölskyldur þeirra, með þeim skilyrðum sem leiðir af rétti samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi og fjölskyldur þeirra öðlast fyrst rétt til námslána eftir fimm ára samfellda búsetu á Íslandi, sbr. þó 4. mgr.

□ Við mat á því hvort skilyrði 3. mgr. um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi sé uppfyllt skal litið fram hjá skammtafjarvistum frá Íslandi sem til samans fara ekki yfir sex mánuði á ári eða fjarvistum í allt að tólf mánuði samfelld af mikilvægum ástæðum, t.d. vegna meðgöngu og fæðingar, alvarlegra sjúkdóma, náms eða starfsnáms eða starfsdvalar á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum fyrirtækis sem hefur staðfestu hér á landi. Í kjölfar lengri en tveggja ára samfelldrar fjarvistar frá Íslandi er unnt að ávinna sér rétt til námslána að nýju með fimm ára samfelldri búsetu hér á landi. [Ráðherra]¹⁾ getur sett reglur um námslána rétt eftirlaunþega, öryrkja og annarra launþega eða sjálfstæðra atvinnurekenda sem ekki uppfylla skilyrði 3. mgr. um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi.

□ Námsmenn eiga ekki rétt á námslánum samkvæmt lögum þessum njóti þeir sambærilegrar aðstoðar frá öðru ríki.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur sett reglur²⁾ um rétt íslenskra og erlendra ríkisborgara til námslána á Íslandi og erlendis, þar á meðal vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga. Ákveða má að réttur til námslána, sem leiddur er af 1. og 2. mgr., taki mið af tengslum við íslenskt samfélag eða vinnumarkað.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 162. gr. ²⁾ Rg. 478/2011, sbr. 821/2011. ³⁾ L. 89/2008, 1. gr.

■ **14. gr.** Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn

sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

□ Umsækjendur skulu tilgreina í lánsúmsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

□ Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

□ [Ríkisskattstjóra]¹⁾ er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

□ Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

¹⁾ L. 136/2009, 65. gr.

III. kafli. Ráðstöfunarfé o.fl.

■ **15. gr.** Ráðstöfunarfé Lánasjóðs er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.

2. Ríkisframlag.

3. [Lánsfé. Sjóðnum er þó ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.]¹⁾

□ Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.

□ Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjárhagsáætlanir fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

□ Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

¹⁾ L. 67/1997, 10. gr.

■ **16. gr.** Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð¹⁾ frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

□ [Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Reglurnar skulu samþykktar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.]²⁾³⁾

□ Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsúmsókn.

¹⁾ Rg. 79/1998. Rg. 478/2011, sbr. 821/2011. ²⁾ Augl. 493/2014. ³⁾ L. 67/1997, 11. gr.

■ **17. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 157/1998, 2. gr.

■ **18. gr.** [Ef lánþegi samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skal miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt þessum lögum. Greiðslur samkvæmt þessum lögum frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.]

□ Ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldu frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt.]¹⁾

¹⁾ L. 140/2004, 6. gr.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

■ [Ákvæði til bráðabirgða.]¹⁾ Þeir sem sótt hafa um námslán samkvæmt lögnum fyrir gildistöku laga þessara eiga til loka skólaársins 2004–2005 rétt á námslánum samkvæmt þeim lögum.

□ Þeir sem skulda eða hafa sótt um námslán samkvæmt lög-
unum eiga rétt á að breyta því láni í námslán samkvæmt lög-
um þessum. Skilyrði slíkrar skuldbreytingar er að umsókn
um hana hafi borist sjóðnum fyrir 1. nóvember 2005, að um-

sækjandinn sé ekki í vanskilum við sjóðinn og að lánið sé
tryggt með sambærilegum hætti og áður.]²⁾

¹⁾ Ákvæðið fylgdi l. 140/2004. ²⁾ L. 140/2004, brbákv.

ELDDRI ÚTGÁFA